



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2019

R18120057

2131

Borgarráð

***Leiðrétting á tillögu matsnefndar vegna umsóknar Leigufélags aldraðra hses. um stofnframlag frá Reykjavíkurborg***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða leiðréttingu á tillögu matsnefndar vegna umsóknar Leigufélags aldraðra hses. um stofnframlag frá Reykjavíkurborg.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá fjármála- og áhættustýringarsviði, dags. 18. desember 2018, m.s.b. 30. október 2019

Borgarstjórinn í Reykjavík  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

**Erindi: Leiðrétting á tillögu matsnefndar vegna umsóknar Leigufélags aldraðra hses. um stofnframlag frá Reykjavíkurborg.**

Á fundi borgarráðs þann 20. desember 2018 var eftirfarandi stofnframlag samþykkt til Leigufélags aldraðra hses.:

- ✓ Áætlað heildarstofnvirði þess verkefnis sem umsóknin nær til nemur kr. 1.459.213.256 og 12% stofnframlag sem sótt er um frá Reykjavíkurborg nemur kr. 175.105.591. Stofnframlag rúmast innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hvað varðar efnahag og sjóðstreymi. Verði umsóknin samþykkt þá verður stofnframlag veitt í formi byggingaréttar, sbr. heimild 1. mgr. 14. gr. laga um almennar íbúðir.

Vegna mistaka var rangt stofnvirði sett inn í tillöguna því ekki var tekið tillit til lóðaverðs og opinberra gjalda en sá liður er hluti af heildar stofnvirði. Því er farið þess á leit við borgarráð að samþykkja neðangreinda leiðréttingu.

- ✓ Áætlað heildarstofnvirði þess verkefnis sem umsóknin nær til nemur kr. 1.697.615.168 og 12% stofnframlag sem sótt er um frá Reykjavíkurborg nemur kr. 203.713.820. Stofnframlag rúmast innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hvað varðar efnahag og sjóðstreymi. Verði umsóknin samþykkt þá verður stofnframlag veitt í formi byggingaréttar, sbr. heimild 1. mgr. 14. gr. laga um almennar íbúðir.

*Haldóra Káradóttir*

*Berglind Magnúsdóttir*

*Harri Ormarsson*

*Guðlaug S. Sigurðardóttir*